



UMHVERFISSTOFNUN

VEIÐI DAGBÓK

20
10



Snertu á nýjum ævintýrum



Garmin Oregon™ GPS með snertiskjá.

Oregon GPS handtæki með snertiskjá gerir alla útvist einfaldari. Þetta sterkbyggða og vatnshelda leiðsögutæki er afar einfalt í notkun og færir þér björt þrívíddarkort, hæðarmæli með loftvog auk áttavita á silfurfati. Hvort sem þú ert í fjallgöngu, á hjóli, í bílnum eða bátnum, það eina sem þarf að gera er að snerta skjáinn og halda af stað. Útvistinn verður bara skemmtilegri. Þú getur deilt leiðum og upplýsingum með vinum þínum eða sett aukakort fyrir það svæði sem þú ætlar að fara, hvort sem þú fylgir vegi, vatni eða ert í óbyggðum. Garmin Oregon kemur þér í snertingu við ævintýrin.

Fylgdu þeim fremsta!

www.garmin.is

GARMIN®


Í eftirfarandi greinum birtast skoðanir og viðhorf greinahöfunda sem endurspeglja ekki alltaf skoðanir og viðhorf Umhverfisstofnunar. Með birtingu greinanna er ekki verið að taka afstöðu til efnis þeirra.



10



16



34

EFNISYFIRLIT

4
6
7
8
10
16
20
23
34
36
38
40
42
43
46

LEIÐARI
ÚTGEFIN VEIÐIKORT 1995-2009
REFA- OG MINKAVEIÐI
SUNDURLIÐUÐ REFAVEIÐI 1998-2009
ÍSLENSKA TÓFAN
SNÍKJUDÝR Í RJÚPUM
HEYRNARTAP VEIÐIMANNA
MIKILVÆGI VEIÐISKÝRSLNA
ÍSLENSK VILLIBRÁÐ
MINKAVEIÐIÁTAK Í EYJAFIRÐI OG Á SNÆFELLSNESI
VEIÐITÖLUR
SKILAHAPPRÆTTI UST 2010
BREYTING Á ÚTHLUTUNARREGLUM HREINDÝRAVEIÐILEYFA
FRÍDLÖND
FRÍDLÝST SVÆÐI Á ÍSLANDI

Umhverfisstofnun gefur þennan bækling út og er hann kostaður með auglýsingum.
Borgir v/Norðurlóð • 600 Akureyri • Sími: 591 2000 • Bréfasími: 591 2101
Heimasíða: www.umhverfisstofnun.is • Tölvupóstur: veidistjorn@ust.is

Ljósmynd á forsiðu: Einar Guðmann
Prentun: Ásprent • 600 Akureyri • Sími 4 600 700
Ritstjóri: Bjarni Pálsson
Umbrot og hönnun: Einar Guðmann
Ábyrgðarmaður: Hjalti J. Guðmundsson
Útgáfunúmer UST-2010:01



UMHVERFISSTOFNUN

Leiðari

Á síðastliðnu ári varð talsverð fjölgun frá fyrri árum á útgengnum veiðikortum og einnig fjölgun á veiðikorta- og skotvopnanámskeiðum. Ekki er gott að segja til um hvort sú aukning sé komin til að vera eða að þetta hafi verið og verði einstakt ár hvað fjölda veiðimanna varðar, það verður tíminn að leiða í ljós. Hugsanlega er þetta einn angri kreppunnar að fólk leitist eftir tómstundum innanlands og velji þá m.a. skotveiðar. Þegar þetta er skrifað er ekki komið það mikið inn af veiðiskýrslum að hægt sé að merkja einhverja aukningu á veiðum, en hvað sem því líður ættu veiðimenn að kappkosta við að nýta þá villibráð sem þeir ná sem allra best, fremur en að veiða sem mest.

Breytingar á lögum er varða skil á veiðiskýrslum gengu í gegn á síðastliðnu ári. Veiðikortið hækkaði jafnframt úr 2.200 kr. í 3.500 kr. Ef veiðiskýrslu undangengins árs er skilað eftir 1. apríl hækkar veiðikortagjaldið um 1.500 kr til viðbótar. Þessi breyting var kynnt veiðimönnum með auglýsingum í blöðum, útvarpi og sjónvarpi. Jafnframt fengu þeir veiðimenn sem ekki voru búnir að skila inn veiðiskýrslu um miðjan mars tölvupóst þar sem þeir voru minntir á skila inn skýrslu sinni fyrir 1. apríl. Þetta hafði þau áhrif að í lok dags 1. apríl höfðu yfir 90% þeirra um

það bil 10.400 veiðimanna sem voru með veiðikort árið 2008 skilað inn veiðiskýrslu, en í meðalári fram til þessa höfðu það verið um 60% veiðimanna sem höfðu skilað fyrir þann tíma.

Umhverfisstofnun er að hefja vinnu við stefnumótun í sjálfbærri veiðistjórnun og mun kalla til þess hina ýmsu hagsmunahópa til samstarfs til þess að fá sem flest sjónarmið fram. Á deild lífríkis- og veiðistjórnunar hefur Steinar Rafn Beck verið ráðinn sérfræðingur í veiðistjórnun. Hann mun leiða það starf auk þess að vinna að því að koma veiðitöllum í aðgengilegt form fyrir almenning eins og kynnt var í leiðara Veiðidagbók 2009.

Ennfremur tilkynnti umhverfisráðherra breytingar á tilhögun rjúpnaveiða og er miðað við að þær muni standa árin 2010 og 2011 ef ekki verða einhverjar miklar og óvæntar sveiflur á stærð rjúpnastofnsins. Helstu breytingarnar voru að veiðihelgum var fjölgað úr fjórum í sex en veiðidögum hveurrá viku fækkað úr fjórum í þrjá, þannig að fjöldi veiðidaga verður áfram 18. Samkvæmt þessu mun rjúpnaveiðitímabilið nú á árinu 2010 standa yfir frá og með föstudeginum 29. október til og með sunnudeginum 5. desember. Veiðar verða heimilár föstudaga, laugardaga og sunnudaga á tímabilinu. Að sjálfsögðu eru veiðimenn enn hvattir til hófsamra veiða.

BYSSUR & SKOT - TOPP GÆÐI - BOTN VERÐ



INTERSPORT  
VEIÐIDEILD - OPIÐ 7 DAGA VIKUNNAR

Húsgagnahöllinni, Bildshöfða 20, sími 585 7235 og 585 7239

Útgefin veiðikort 1995-2009

Fjöldi útgefinna veiðikorta, tekjur og kostnaður.

Ár	Fj. Umsókna	Útg. veiðikort	Greidd veiðikort	Tekjur	Rekstrarkostn.
1995	11.572	11.516	11.208	16,8	6,9
1996	12.764	12.664	12.496	18,75	6,9
1997	11.601	11.422	11.202	16,9	6,3
1998	10.871	10.671	10.556	16,8	4,8
1999	10.914	10.655	10.435	16,7	5,5
2000	10.909	10.588	10.503	19,9	5,6
2001	11.096	10.613	10.452	19,8	5,5
2002	11.203	10.685	10.619	20,2	5,7
2003	9.927	8.518	8.507	18,7	6,8
2004	8.119	7.725	7.720	16,7	7,9
2005	10.542	10.512	10.495	23,1	8,6
2006	10.382	10.032	10.028	22,1	9,2
2007	10.821	10.211	10.210	22,5	9,8
2008	11.347	10.430	10.424	24,9	12,0
2009	13.755	12.421	12.400	48,4	16,8

Árið 2009 var úthlutað úr Veiðikortasjóði af rekstrarafgangi ársins 2008 til eftirfarandi verkefna:

Heiti	Upphæð	Stofnun	Styrkþegi
Vöktun refastofnsins	3.143.101,-	Háskóli Íslands	Páll Hersteinsson
Rjúpnarannsóknir 2008-2009	6.200.000,-	Náttúrufræðist. Íslands	Ólafur Karl Nielsen
Vöktun bjargfluglastofna	1.850.000,-	Líffræðistofnun HÍ	Arnþór Garðarsson
Samtals:	11.193.101,-		

Refa- og minkaveiði

Undanfarin ár hefur upphæð sú sem ríkið hefur varið til málaflokksins lítið breyst og því lítið ráðrúm gefist til hækkunar á viðmiðunartöxtum.

Ríkið tekur þátt í kostnaði sveitarfélaga við refa og minkaveiðar þannig að ríkið greiðir allt að helming viðmiðunartaxta á móti sveitarfélaginu. Gefin er út viðmiðunartaxti fyrir tímakaup, akstur og verðlaun í minkaveiðunum en aðeins verðlaun fyrir refi sem þýðir að ríkið tekur þátt í að greiða tímakakaup, akstur og verðlaun fyrir minkaveiðar en tekur eingöngu þátt í greiðslu fyrir unna refi. Sveitarfélögin ráða menn til refa- og minkaveiða. Sveitarfélögin sjá um að greiða veiðimönnum fyrir veiðarnar en það er misjafnt milli sveitarfélaga hve mikið þau fara eftir taxtanum og eins er misjafnt hvort og hve mikið þau greiða fyrir dýr sem óráðnir menn skila inn. Það er skilyrði fyrir að dýr séu greidd að skottunum sé skilað inn, en hyggst menn fá greitt fyrir unnið dýr þarf að hafa samband við það sveitarfélag þar sem dýrið var unnið. Það er svo undir sveitarfélaginu komið hvort og þá hve mikið það muni greiða.

Sú upphæð sem ríkið ver til endurgreiðslu til sveitarfélaga fyrir refa- og minkaveiðar er ákvörðuð á fjárlögum. Umhverfisstofnun verður að miða við að fara ekki fram

úr þeirri fjárhæð. Árlega auglýsir Umhverfisráðuneytið viðmiðunartaxta sem ákvarðaður er út frá þeirri upphæð sem lögð var í málaflokkinn á fjárlögum og veidum undanginna ára. Uppgjörstímabil er 1. september til 31. ágúst árið eftir en í september senda sveitarfélögin Umhverfisstofnun veiðiskýrslur og reikninga tímabilsins. Umhverfisstofnun fer yfir skýrslur og reikninga og greiðir sveitarfélögum allt að helming viðmiðunartaxtans.

Undanfarin ár hefur upphæð sú sem ríkið hefur varið til málaflokksins lítið breyst og því lítið ráðrúm gefist til hækkunar á viðmiðunartöxtum. Á tímabili á síðastliðnu ári leit út fyrir að ríkið ætlaði ekki að taka þátt í kostnaði sveitarfélaga vegna refaveiða en í lokaumferð fjárlaga kom inn peningur fyrir refaveiðar. Það er ljóst að vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu má vænta þess að sveitarfélög og ríkið þurfi að endurskoða afstöðu sína til refaveiða og hve miklu á að verja til þeirra.

Sundurliðuð refaveiði 1998-2009

	Hlauparefir	Grendýr	Yrðlingar	Samtals
2009	3.540	1.121	2.084	6.745
2008	3.092	1.089	2.259	6.440
2007	2.397	939	1.908	5.244
2006	2.687	858	1.875	5.420
2005	2.151	991	2.183	5.325
2004	2.340	1.084	2.264	5.688
2003	2.154	833	1.845	4.832
2002	2.571	790	1.907	5.268
2001	1.860	881	1.936	4.677
2000	1.899	757	1.812	4.468
1999	2.073	731	1.769	4.573
1998	1.476	629	1.669	3.774



Yfirlit refa- og minkaveiða 2007-2009

	REFIR			MINKAR		
	2009	2008	2007	2009	2008	2007
Veidd dýr	6.745	6.440	5.244	4.700	4.818	5.423
Vinnustundir	15.870	15.089	13.155	10.187	9.120	11.085
Eknir km.	65.458	73.605	58.195	74.009	68.730	75.151
Kostn. millj. króna	91	89	68	38	37	38
Kostn. pr. veitt dýr	13.579	13.725	12.967	8.164	7.615	7.039
Vinnustundir pr. veitt dýr	2,0	2,3	2,5	2,2	1,9	2,0
Eknir km. pr. veitt dýr	9,7	11,4	11,1	15,7	14,3	13,9

Í þessum tölum eru ekki tölurnar úr minkaveiðitakinu í Eyjafirði og á Snæfellsnesi, sjá bls 36.

Refa- og minkaveiðar

Tölurnar eru samantekt sem nær yfir tímabilið 1957-2009.



Árið 2009 bárust skýrslur frá 65 sveitarfélögum vegna refa og minkaveiða. Uppgjörstímabilið er frá 1. september til 31. ágúst árið eftir. Mótframlag ríkisins vegna refaveiða 2009 var um 16,5 milljónir og vegna minkaveiða um 15,7 milljónir í hvorn mála flokk, en ríkið greiðir allt að helming af viðmiðunartaxta á móti sveitarfélögunum.

Íslenska tófan

Menn og tófur hafa eldað grátt silfur saman á Íslandi frá því að land var numið af norrænum mönnum fyrir meira en 1100 árum. Melrakkaskinn voru lögaurar (lögætur gjaldmiðill) fram eftir öldum. Vitað er að refabelgur voru útflutningsvara allt frá því á 16. öld en sennilega hófst útflutningur þeirra mun fyrr. Almennilegt skýrsluhald um útflutning tófuskinna hófst þó ekki fyrr en eftir miðja 19. öld. Töluverðar sveiflur voru í útflutningnum (1. mynd) sem er vísbending um stofnsveiflur á þeim tíma því að verð á skinnnum sveiflaðist lítið en hækkaði smám saman á tímabilinu og náði hámarki á 3. áratug 20. aldar.

Þegar leið á 4. áratug 20. aldar tóku menn að flytja út skinn af ræktaðum refum, bæði silfurrefum og tófum, svo að ekki er hægt að nota útflutningstölur frá þeim tíma sem vísbendingu um breytingar á stofnstærð villtra refa.

Árið 1958 var embætti veiðistjóra stofnað og tekið var að halda nákvæmar skýrslur um fjölda unninna



Tófa í æti.

Ljósmynd: Páll Hersteinsson


grenja sem og fjölda veidra grendýra, yrðlinga og hlaupadýra í öllum sveitarfélögum landsins. Veiðitölur

benda til að refum hafi fækkað hratt frá þeim tíma og fram á miðjan 8. áratug 20. aldar en þá snerist dæmið við og stofninn tók að stækka.

Aldursgreiningar á úrtaki veidra refa hófust árið 1979 og hafa staðið

óslitið til þessa dags. Með svokallaðri aldurs-afla aðferð er mögulegt að nýta hlutfallslega stærð árganga í veiðinni til að reikna út lágmarksstofnstærð

Á óvart kemur að hin mikla fjölgun refa undanfarin 30 ár skuli ekki hafa leitt til minni viðkomu eins og búast mætti við vegna aukins þéttleika og meiri samkeppni um fæðu.




1. mynd. Þriggja ára hlaupandi meðaltal útfluttra refaskinna árin 1858-1934. Væntanlega er fyrst og fremst um að ræða skinn af vetrarveiddum dýrum. Miklar sveiflur í útflutningi benda til sambærilegra sveiflna í stofnstærð. Heimild: Hagskinna – Sögulegar hagfélur um Ísland. Hagstofa Íslands (1997).

yfir tímabilið (2. mynd). Mest allt þetta tímabil má gera ráð fyrir mjög litlum náttúrulegum vanhöldum dýra sem náð hafa fjögurra mánaða aldri í ljósi þess að hér er ekki vitað um banvæna smitsjúkdóma sem leggjast á fullorðna refi. Þá er afar fátítt að horaðir refir veiðist að vetrarlagi svo að hungurdauði virðist vera mjög sjaldgæfur. Þrátt fyrir allt má gera ráð fyrir einhverjum náttúrulegum afföllum sem væntanlega eru þó mest á fyrsta vetri. Þekkt er að refir drepist

af slysförum, t.d. hrapir fyrir björg að vetrarlagi eða verði fyrir bílum og hugsanlega leiða bardagar dýr til dauða öðru hverju. Slík afföll eru líkleg til að aukast með stærri stofni og því er vert að ítreka að hér er um reiknaða lágmarksstofnstærð að ræða.

Þrátt fyrir mikla fjölgun refa bendir fátt til að frjósemi refa fari minnkandi, sé miðað við niðurstöður talninga á legörum í tófum, sem hófust árið 1986. Aðeins er 20% munur á frjósemi árið 2000 þegar hún var mest og árið 2005




2. mynd. Útreiknuð lágmarksstærð íslenska refastofnsins frá hausti 1978 til hausti 2007. Lóðréttar línur sýna 95% öryggismörk.

þegar hún var minnst (3. mynd). Hið sama má segja um meðalfjölda yrðlinga sem náðust á grenjum. Fjöldi legöra í læðu sýnir hve marga yrðlinga hún gekk með á síðustu meðgöngu en meðalfjöldi yrðlinga sem næst á grenjum miðast við meðaldagsetningu grenjavinnslu sem er 25. júní (staðalfrávik ± 13 dagar), þ.e. þegar

Er það tilviljun að hlutfallslegri fjölgun geldýra lauk einmitt um það leyti sem reglum um verðlaun fyrir veidda refi var breytt þannig að greiðslur fyrir hlaupadýr snarhækkðu?


yrðlingar eru að jafnaði u.þ.b. 5-7 vikna gamlir. Á óvart kemur að hin mikla fjölgun refa undanfarin 30 ár skuli ekki hafa leitt til minni viðkomu eins og búast mætti við vegna aukins þéttleika og meiri samkeppni um fæðu. Lítt breyttur meðalfjöldi legöra er vísending um að aðgengi að fæðu að vetrarlagi hafi haldist gott þrátt fyrir



3. mynd. Meðalfjöldi legöra (blár ferill) og meðalfjöldi yrðlinga sem næst á grenjum (rauður ferill) hefur lítið breyst frá því að tekið var að telja legör kerfisbundið árið 1986. Þannig var frjósémin aðeins 20% meiri þegar hún var mest (árið 2000) en þegar hún var minnst (árið 2005). Lóðréttar línur sýna staðalfrávik (SD).

stækkun stofnsins. Litlar breytingar á meðalfjölda yrðlinga sem næst á grenjum (3. mynd) benda enn fremur til að fæðuframboð í lok meðgöngu og á fyrstu vikum eftir got (maí-júní) hafi ekki versnað heldur.

Annar mælikvarði á frjósémi er hlutfall geldra læðna í stofninum, þ.e. hlutfall ársgamalla og eldri læðna án legöra eða annara ummerkja um að þær hafi tekið fang. Útreikningar á geldtíðni hófust árið 1986 (4. mynd). Hlutfallsleg fjölgun geldlæðna fyrsta



4. mynd. Hlutfall geldra læðna, ársгамalla og eldri, jókst að jafnaði í rúman áratug eftir að mælingar hófust árið 1986 en síðan hefur það staðið í stað eða lækkað. Miðað er við hlaupadýr eingöngu. Lóðréttar línur sýna staðalskekki (SE). Heila línan sýnir reiknaðan feril geldhlutfalls með þriðju gráðu margliðu. Punktalína sýnir dæmi um hvernig búast hefði mátt við að geldhlutfall breyttist með aukinni stofnstærð ef fæðuframboð hefði haldist óbreytt.

áratuginn eftir að mælingar hófust 1986 gæti bent til að á þeim tíma hafi þengst að dýrunum að vetrarlagi eftir því sem stofninn stækkaði þótt greinilegt sé að fleira hafi þar áhrif.

Hitt kemur á óvart að eftir 1997 hefur hlutfall geldræðna í stofninum staðið í stað eða jafnvel lækkað! Hvernig getur staðið á því? Er ein skýringin kannski sú að nú sé algengara en áður

að menn dragi út æti að vetrarlagi í þeim tilgangi að liggja fyrir ref en gefist svo upp, stundum vegna þess hve stutt er í æti sem aðrir hafa lagt út? Afleiðingarnar af því gætu verið þær að geldtíðni haldist undir (og frjósemi yfir) eðlilegum mörkum miðað við stofnstærð og náttúrulegt fæðuframboð svo að nýir árgangar refa verði stærri en ella. Er það tilviljun að hlutfallslegri fjölgun gelddýra lauk einmitt um það leyti sem reglum um verðlaun fyrir veidda refi var breytt þannig að greiðslur fyrir hlaupadýr snarhækkðu? Þetta er vert að hugleiða.

Lokaorð

Þessi greinarstúfur er byggður á vöktun refastofnsins sem hófst árið 1979 með aldursgreiningum (krufningar hófust 1986) og hefur staðið óslitið síðan. Á þeim tíma hafa u.þ.b. 300 refaskyttur sent mér

rúmlega 9000 hræ til rannsókna og kann ég þeim mjög miklar þakkar fyrir enda verður slík vöktun ekki framkvæmd án þessa mikilvæga framlags refaskyttna.

Aukin vitneskja um ástand refastofnsins og breytingar á honum er öllum, veiðimönnum sem öðrum, til hagsbóta. Því er mikilvægt að vöktuninni verði haldið áfram. Til þess að svo megi verða er æskilegt að sem flestir refaveiðimenn, bæði grenjaskyttur og hinir, sem einbeita sér að vetrarveiðum, sendi hræ til aldursgreininga, talningar legðra og fleiri mælinga. Undirritaður greiðir sendingarkostnað. Niðurstöður aldursgreininga þeirra dýra sem veiðimenn senda, upplýsingar um fjölda legðra o.fl. fá þeir svo sendar er þær liggja fyrir, sem er venjulega á útmánuðum.

Þeir sem hafa áhuga á að leggja sitt af mörkum til að halda vöktuninni áfram og gera hana sem vandaðasta eru beðnir um að hafa samband við undirritaðan til að fá nánari upplýsingar.

Páll Hersteinsson
Líffræðistofnun Háskólans
Sturlugötu 7
101 Reykjavík

Sími: 525-4608
Tölvupóstfang: pher@hi.is

Sníkjudýr í rjúpum

Reglulegar sveiflur einkenna rjúpnastofninn á Íslandi þar sem um 10 ár líða á milli hámarka. Hliðstæðar stofnsveiflur eru þekktar hjá ýmsum öðrum tegundum grasbita á norðurslóðum en menn greinir á um orsakir þeirra, þótt almennt sé talið að aflvakans sé að leita innan fæðuvefsins. Árið 2006, þegar stofninn nálgadist lágmark eftir fækkunarár, var farið af stað með víðamikla rannsókn á því hvort hægt verði að greina tengsl milli heilbrigðis og líkamsástands fuglanna og stofnbreytinga. Upphafsmaður rannsókna var Ólafur K. Nielsen, fuglafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands og fékk hann höfund þessa pistils í lið með sér. Síðar hafa sérfræðingar frá Náttúrufræðistofnun og ýmsum deildum Háskóla Íslands (Tilraunastöðinni á Keldum, Lifeðlisfræðistofnun og Reiknifræðistofnu Raunvísindaeildar) bæst í hópinn en Ólafur er verkefnisstjóri.

Rannsóknirnar voru skipulagðar til þriggja ára, en síðar var ákveðið að lengja rannsóknartímann í sex ár. Við



Ljósmynd: Karl Skírnisson

þolhjúpur hníslanna sem sýkja rjúpur á Íslandi, *Eimeria muta* (til vinstri) og *E. rjupa* (til hægri).

erum þess þó meðvituð að best væri að kanna heilbrigði stofnsins yfir heila stofnsveiflu, í 10 ár. Rannsóknasvæðið er á Norðausturlandi og þar hefur rjúpum verið safnað fyrstu vikuna í október fjögur undanfarin haust (2006–2009). Úrtakið er stórt því árlega eru rannsaðir 60 ungir og 40 fullorðnir fuglar og kynjahlutföllin höfð jöfn.

Rannsóknir á sníkjudýrum eru veigamikill þáttur heilbrigðisathugana. Innri sníkjudýra er leitað

og smitmagn metið í hverjum fugli með gamalreyndum aðferðum, annars vegar með beinni leit og talningu sníkjudýranna sjálfra í líffærum, vefjum eða blóðrás, hins vegar með leit að þolhjúpum og eggjum

Þegar er ljóst að sumar sníkjudýrategundirnar geta haft neikvæð áhrif á heilbrigði rjúpnanna.

iðrasníkjudyra í saursýnum (með tveimur sérlega næmum saltfleyti- og botnfellingaraðferðum). Til að safna ytri sníkjudýrum þróuðum við svo nýja aðferð þar sem hver fugl var ryksugaður í eina mínútu fyrir krufningu og óværu (mitlum, naglúsum, flóm og lúsflugum) safnað í síu, sem komið var fyrir aftan við stút ryksugunnar. Óværa sem kom í síuna var flokkuð undir viðsjá, tegundagreind og einstaklingarnir taldir.

Lokið er rannsóknum á sníkjudýrum rjúpna sem safnað var 2006–2008 og vinnan hafin við athuganir á sýnum sem safnað var síðasta haust. Alls hafa fundist 16 tegundir, sex tegundir innri sníkjudýra (einfrumungarnir *Eimeria muta*, *Eimeria rjupa* og *Blastocystis* sp., bandormurinn *Passerilepis serpentulus* og þráðormarnir *Capillaria caudinflata* og *Trichostrongylus tenuis*) og 10 tegundir ytri sníkjudýra. Ytri sníkjudýrin skiptast í fjóra hópa, fimm tegundir mitla (kláðamítlana *Metamicrolichus islandicus* og *Myialges*



Ljósmynd: Karl Skírnisson

þrjár tegundir naglúsa lifa á rjúpunni. Tvær lifa einvörðungu á því að éta fiður en þessi, *Amysidea lagopi*, lifir stundum niðri við húðina og sýgur blóð. Bæði kynin eru sýnd á myndinni. Kerlingin er stærri en karlinn og ef grannt er skoðað sést egg inni í afturhluta líkama hennar.

borealis, dúnmítillinn *Strelkoviacarus holoaspis*, og vængmítillinn *Tetraolichus lagopi*, en auk þeirra hefur ónafngreind miltategund fundist innan í fjöðurstaf vængflugfjaðra), þrjár naglúsategundir (*Goniodes lagopi*, *Lagopoeus affinis* og *Amysidea lagopi*), lúsfluguna *Ornithomya chloropus* og flóna *Ceratophyllus* sp. Af þessum 16 tegundum voru að minnsta



Ljósmynd: Karl Skírnisson

Fimm tegundir mítla hafa fundist á rjúpum hér á landi. Þessi mítill, *Strelkoviacarus holoaspis*, lifir í dúninum.

kosti sex áður óþekktar tegundir í vísindaheiminum (einfrumungarnir *E. muta* og *E. rjupa* og fyrstnefndu fjórar mítlategundirnar, lýsingu tegundanna er þegar lokið). Tvær til viðbótar höfðu ekki áður verið staðfestar sem rjúpnasníkjudýr, hvorki hér á landi né erlendis (*Blastocystis* sp. og *P. serpentulus*), en hinar tegundirnar eru allt dæmigerð rjúpnasníkjudýr erlendis nema fjaðurstafamítillinn

sem líklega er sjöunda áður óþekktá sníkjudýrategund rjúpunnar.

Séu niðurstöðurnar bornar saman við erlendar athuganir hafa mun fleiri tegundir innri sníkjudýra fundist í rjúpum erlendis, en þessu er ófugt farið með ytri sníkjudýr. Ástæða fyrir færri tegundum innri sníkjudýra hér á landi er einfaldlega fábreyttari fána, sumpart vegna einangrunar en einnig vegna vöntunar á millihýslum sem sníkjudýrin þurfa á að halda til að geta fjölgað sér. Hinsvegar er skýringin á auðugari fánu ytri sníkjudýra á Íslandi fyrst og fremst tengd aðferðafræðinni við söfnun. Erendis hafa menn ekki enn sem komið er leitað þeirra smávöxnu tegunda sem á milli ber. Líklegt verður að teljast að erlendir starfsbræður finni allar þessar tegundir, og væntanlega einhverjar fleiri, hefji þeir markvissa leit að þeim.

Þegar er ljóst að sumar sníkjudýrategundirnar geta haft neikvæð áhrif á heilbrigði rjúpnanna og eru hníslar sem valda niðurgangi og mítlar sem orsaka kláða á fuglum oftast nefndir í því samhengi. Ekki verður farið nánar út í nánari útlistanir á því að svo komnu máli enda vinna við líkanagerð og tölfræðiprófanir enn í startholunum.



BYSSUR.COM



Rafeindavirkinn sf

rav@rav.is

8228999

Heyrnartap veiðimanna

Heyrnartap er það algengt meðal eldra fólks að það verður að flokkast sem alvarlegt heilbrigðisvandamál. Árið 2002 voru birtar niðurstöður úr fyrstu rannsókninni sem gerð hefur verið á sambandi heyrnar veiðimanna og íþróttaskotmanna sem skjóta af rifflum eða haglabyssum (Arch. Fam. Med. 2000;9:375-377). Rannsóknin sem fór fram í Bandaríkjunum tók mið af veiðimönnum en ekki hermönnum og ætla má að hlutfall veiðimanna meðal almennings sé svipað hér og þar.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur greinilega fram að þeir sem skjóta oftast verða með tímanum fyrir varanlegum heyrnarskaða. Virðist heyrnarskaðinn vera í beinu samhengi við það hversu mikið menn stunda skotfimi eða veiðar. Í þessum rannsóknum var helst skoðuð sú tíðni sem tal berst með (0,5-2 kHz). Var augljóst samhengi á milli ástundunar veiða og skotfimi og þess hversu lengi menn höfðu stundað hvoru tveggja. Þeir sem stunduðu bæði íþróttaskotfimi og veiðar urðu fyrir mestum skaða.

Fjórar meginástæður geta verið fyrir heyrnarskaða. Sú fyrsta og algengasta

Fyrir hver 5 ár sem veiðar eða íþróttaskotfimi hafa verið stunduð tapast um 7% af getu eyrans til að nema þau hátíðnihljóð sem eru mikilvæg fyrir talanda.

er að eyrað verði fyrir langvarandi hávaða sem er yfir ákveðnum mörkum. Önnur ástæðan er stuttur en mikill hávaði sem nær ákveðnum toppi sem reynir mikið á breitt tíðnisvið, t.d. skothvellir. Þriðja ástæðan er tíðnisvið hávaðans. Skothvellir eru ekki bara með eitt, heldur mörg tíðnisvið sem veldur því að eyrað verður fyrir afar víðtæku álagi. Fjórða ástæðan er misjafnt þol fólks gagnvart hávaða. Ljóst er að sumir verða fyrir heyrnarskaða við ákveðinn hávaða á meðan aðrir virðast hafa meira þol.

Fyrir hver 5 ár sem veiðar eða íþróttaskotfimi hafa verið stunduð tapast um 7% af getu eyrans til að nema þau hátíðnihljóð sem eru mikilvæg fyrir talanda. Hávaðinn frá skothvelli er lítill kaliberum og haglabyssum er á bilinu 140-170 db sem er tvímælalaust til þess fallinn að skaða heyrn. Hljóðið sem myndast við skothvell hefbundinna skotvopna er afar snögg og virðist því oft ekki vera skaðlegt. Raunin er sú samkvæmt

Skýringin á því hvers vegna skotveiðimenn og íþróttaskotmenn tapa mikilli heyrn liggur eflaust að stórum hluta í kæruleysi gagnvart notkun heyrnarhlifa.



þessari rannsókn að einmitt það gerir hvellinn líklegan til að skaða heyrn á hátíðnihljóðum sem nauðsynleg eru til þess að heyra vel talað mál.

Skýringin á því hvers vegna skotveiðimenn og íþróttaskotmenn tapa mikilli heyrn liggur eflaust að stórum hluta í kæruleysi gagnvart notkun heyrnarhlifa. Í þessari sömu rannsókn sögðust 95% veiðimanna aldrei nota heyrnarhlifur eða eyrnatappa á veiðum. 38% þeirra sem stunduðu skotfimi notuðu aldrei neinar hlifur. Þó að þetta hlutfall liggi ekki fyrir hvað íslenska veiðimenn varðar er lítil ástæða til annars en að ætla að mikill meirihluti veiðimanna noti aldrei heyrnarhlifa.

Sjónarmið veiðimanna er vitanlega það að vilja hlusta eftir bráðinni. Á veiðum er heyrnin mikilvæg til þess

að hlusta eftir fuglum, tala við veiðifélagana og getur verið mikilvægt öryggisatriði. Það að heyra í bráðinni getur ráðið því hversu vel veiðiferð heppnast.

Hafðu í huga að einungis eitt skot nálægt eyranu nægir til þess að valda óbætanlegum heyrnarskaða. Notaðu alltaf heyrnarhlifa. Líka þegar veiðifélagarnir skjóta á æfingum eða veiðum.

Hvað er til ráða?

Það er dýrt að fórna heyrninni fyrir villibráð eða það að eiga skotfimi að áhugamáli. Heyrnarskerðing hefur víðtæk áhrif á þátttöku í samfélaginu, getur leitt til þunglyndis og haft ýmis félagslega neikvæð áhrif á viðkomandi.

Hefðbundnar heyrnarhlífar eru vissulega ekki hentugar til notkunar á veiðum. Þar liggur skýringin að hluta á því hvers vegna meirihluti veiðimanna notar ekki neinar hlífar. Til eru heyrnarhlífar sem eru í fyrsta lagi fyrirferðarlitlar og hannaðar með það í huga að hægt sé að lyfta byssu án þess að heyrnarhlífarar rekist í skeftið. Þær eru sumar hverjar auk þess útbúnar með hljóðmagnara sem gerir skyttunni kleift að heyra öll umhverfshljóð en dempar skothvelli. Þannig heyrir veiðimaðurinn bæði í bráðinni og getur haldið uppi samræðum við veiðifélagana án þess að fórna því að

heyra í barnabörnum sínum á seinni árum.

Ennfremur eru til eyrnatappar með sjálfvirkum lokara sem virkar þannig að þeir hleypa í gegn hljóði sem er innan ákveðinna marka en við skothvelli lokast tappinn og ver þannig skyttuna gegn mesta hvellinum. Eyrnatappar eru vissulega ágæt vörn en hafa verður í huga að heyrnarhlífar eru taldar betri vörn þar sem hljóðbylgjur berast ekki eingöngu inn um eyrnagöngin, heldur allt umhverfis eyrað. Heyrnarhlífar með púðum sem loka alveg eyranu eru þar af leiðandi mun betri vörn.




Mikilvægi veiðiskýrslna

Fyrir tilkomu veiðikortakerfisins var lítið vitað um veiðitölur nema á ref og mink. Við stofnun veiðistjóraembættisins árið 1957 var byrjað að safna gögnum um refa- og minkaveiðar og hafa þær reynst mikilvægar fyrir alla upplýsingagjöf.


Vísbendingar eru um að veiðiskýrslur séu góður mælikvarði á stærð og ástand veiðistofna og reyndar er það lítið vitað um stofnstærð margra fugla- og dýrastofna hérlendis að veiðitölur eru taldar gefa til kynna breytingar í stofnstærð. Mikilvægt er að áreiðanleg gögn séu til staðar þegar ástand stofna er metið og eru veiðiskýrslur mikilvægar í því sambandi.

Skráning veiðisvæða á veiðiskýrslu

Á veiðiskýrslum er landinu skipt upp í sex veiðisvæði. Afliinn sem skráður er á veiðiskýrsluna er þannig skráður á ákveðinn landshluta. Á meðfylgjandi korti má sjá grófa skiptingu.




Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

